



# Yfirlit um þingmál og landsmálaviðhorfið í sambandi við þau 1953.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Þingmál – Alþingi –  
Landsmálaviðhorf – Fjárlög – Landbúnaður – Byggingamál – Skattamál – Bankamál – Raforka – Jarðhiti  
– Stjórnarandstaðan – Verkfall - 1953

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-11, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1953 (?)

Ahr. með tilkynni af  
því, at sent yrði ít sem  
frimátarum annabréf.

### YFIRLIT UM PINGMÁL

Bæta inn i ásendingu  
um mál og ómunn  
atíði, sem vanta.

OG

### LANDSMÁLAVIDHORFIÐ Í SAMBANDI VIÐ PAU.

Jh.

Átar en ekki er að því að gera grein fyrir,  
hvort I. Hvað gerði síðasta Alþingi.

Þegar fyrir liggur að gefa yfirlit um störf  
Alþingi og landsmálaviðhorfið í sambandi við pau,  
er eðlilegt að fyrst sé spurt: Hvað gerði pingið?

Það má gefa nokkra hugmynd um svarið við  
pessari spurningu með því að vitna í þá greinargerð,  
sem forseti Sameinaðs Alþingis gaf við pingslitin.  
Þar segir m.a.:

"Fundir í Neðri deild voru 69, í Efri deild 72  
og í Sameinuðu pingi 41, eða samtals 182 pingfundir.

Lögð voru fyrir pingið 48 stjórnarfrumvörp og  
108 pingmannafrumvörp, þar af afgreidd endanlega 39  
stjórnarfrumvörp og 35 pingmannafrumvörp.

52 pingsályktunartillögur voru bornar fram og  
samþykktar af þeim 25.

Tala mála, sem voru til meðferðar í pinginu  
var 215, og tala prentaðra pingskjala alls 804."

Með þessu er aðeins gefið til kynna, að pingið

hafi haft við mörg mál að fást. Þessu næst er á að líta aðstöðu þingsins til afgreiðslu mála, og mun ég síðan rekja lauslega efni og innihald þeirra, sem e.t.v. má segja, að skipti almennt mestri þýðingu.

## II. Swipur þingsins.

Áður en vikið er að því að gera grein fyrir, hversu margþatt eða efnisrík mál þingið hafi afgreitt, er rétt að menn hugleiði, að síðasta þing var hið seinasta á kjörtímabilinu fyrir kosningar.

Aðstaða slíkra þinga hefur löngum mótað af glímuskjálfta vantanlegrar kosningabaráttu, og af þeim sökum hefur það m.a. að ofan í að orðið svo í stjórnmálum okkar, að kjörtímabilin hafa verið styttar en 4 ár, eins og almenna reglan í stjórnarskránni gerir ráð fyrir, p.e. síðasta þing fyrir kosningar hefur verið rofið. Með því er að visu að vissu leyti varpað af sér ábyrgðinni af pingstörfum, en sú málsmæðferð getur líka byggst á eðlilegum rökum.

Mér þykir rétt að láta þess getið, að þegar síðasta þing kom saman í október s.l., þá áttu sér stað viðræður um það milli stjórnarflokkanna, að þeir hefðu að verulegu leyti hemil á sínum

afgreiðslu fjárlaganna, að þeir eru relevantar all

þingmönnum um mállefnaflutning, til þess með þeim hætti að tryggja betur starfsfrið um þau mál, sem ríkisstjórnin hafði undirbúið fyrir pingið og ný mál, sem samkomulag væri um milli flokkanna. Úr sliku samkomulagi varð nú ekki, en menn óttuðust fullkomlega, að kosningarnar í vor mundu um of setja svip sinn á pingstörfin.

Nú, að pingi loknu, er hinsvegar hægt að slá því föstu, að síðasta ping hafi baði verið eftir atvikum friðsamt ping og með stytztu þingum, sem haldin hafa verið seinni árin.

Á petta tvennt minni ég, vegna þess að það verður ótvítatt að teljast til lofs stjórnarflokkunum, sem að sjálfsgögou hlutu að bera ábyrgðina á pinghaldinu.

### III. Afgreiðsla fjárlaga.

Sjálfstæðismenn hafa alltaf bent á, að til þess að tryggja ábyrga afgreiðslu fjárlaga í stjórnarsamstarfi yrðu báðir stjórnarflokkarnir að sýna jafnan áhuga og jafna fórnfysi í sambandi við afgreiðslu peirra, án tillits til þess úr hvorum flokki fjármálaráðherrann sjálfur er.

Í tíð núverandi stjórnarsamstarfs, þegar fjármálaráðherrann er úr flokki Framsóknarfloksins, hafa Sjálfstæðismenn sannað með afstöðu sinni við afgreiðslu fjárlaganna, að peir eru reiðubúnir til

pess að uppfylla pessa kröfu. Gísli Jónsson, þingm. Barðstrendinga, var á síðasta þingi, eins og á undanförnum þingum, formaður fjárveitinganefndar, og hefur áunnið sér þeði traust og viðurkenningu fyrir röggsama stjórn þeirra mála í meðferð pingsins og mikinn áhuga og dugnað við afgreiðslu þeirra. Er það ekki sízt hans verk, að mjög heilsteyppt samstarf hélst á þinginu milli stjórnarflokkanna um afgreiðslu fjárlaganna.

Hér vinnst ekki tími til þess að gera grein fyrir afgreiðslu fjárlaganna, og er það eitt ærið fundarefnni út af fyrir sig.

En ég nefni hér aðeins niðurstöður:

Tekjur eru áætlaðar 423,6 millj. kr.

Gjöld eru áætluð 422 millj. kr.

Er þannig gert ráð fyrir 1 1/2 millj. kr.  
greiðsluafgangi á fjárlögnum.

Á fjárlögum ársins 1952 voru tekjur áætlaðar 382 millj. kr. og gjöld 379 millj. kr., eða 3 millj. kr. greiðsluafgangur.

Við þessar niðurstöður vil ég aðeins bæta þeirri athugasemd, sem menn verða að hafa í huga, að lausn verkfallsins, sem stoð i desembermánuði, hafði veruleg áhrif á afgreiðslu fjárlaga og hækkaði ríkisútgjöldin um nálega 20 millj. kr. Mun ég nánar víkja að því atriði síðar í ráðu minni.

#### IV. Landbúnaðarmál.

Ef vikið er að afgreiðslu landbúnaðarmála á síðasta þingi, eru tveir málaflokkar, sem mestu máli skipta, og skal ég víkja nokkru nánar að þeim, en leiði hinsvegar hjá mér fjölmörg einstök löggjafarákvæði, sem þingið samþykkti í sambandi við landbúnaðarmál, en segja má að hafi ýmist litla eða enga pólitískra þýðingu.

1) Í byrjun þingsins lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði og rektunarsjóði. Var þetta frv. samþykkt, og ríkisstjórninni heimilað að taka 22 millj. kr. lán hérlendis eða erlendis, sem þessum tveim sjóðum, byggingarsjóði og rektunarsjóði, yrði lánað.

Ég vil vekja athygli á, að þetta er framhald af fyrri forgöngu ríkisstjórnarinnar til þess að að afla þessum sjóðum landbúnaðarins fjár til útlána handa bandum. Þannig voru Búnaðarbankanum lánaðar af gengishagnaði bankanna árið 1950 13 millj. og 750 þús. kr., og árið 1951 af greiðsluafgangi ríkissjóðs 15 millj. kr. Á árinu 1952 var tekið lán í Alþjóðabankanum, sem gengur til þessara deilda Búnaðarbankans, og nemur það lán um 16 millj.

Sumir sjá ofsjónum yfir þessum fjárveitingum til landbúnaðarins, en það er mikill misskilningur, þar sem hér er um að reða undirstöðu eins.

aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, að efla ræktun landsins og gera bandum kleift að byggja upp býli sín.

Í greinargerð frv. ríkisstjórnarinnar stendur m.a.:

"Með þessari lánsfjárlögun, til viðbótar því fjármagni, sem sjóðirnir hafa annarsstaðar frá, hefur verið unt að lána út á byggingar og ræktun í sveitum eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum og reglugerðum um þær lánveitingar."

Nú bið ég menn að taka eftir þessu, vegna þess að Framsóknarmenn hafa talið, að Sjálfstæðismenn hafi ekki synt nágu mikinn áhuga á þróun landbúnaðarins, og m.a. var komist svo að orði í flokksbréfi Framsóknarflokksins, sem sent var til trúnaðarmanna 15. jan. 1946: "Bændastéttin var ofsótt af fyrrverandi ríkisstjórn." Þessi fyrrverandi ríkisstjórn var nýsköpunarstjórnin, sem Ólafur Thors, form. Sjálfstæðisflokkssins, veitti forstöðu. En það er einmitt í tíð þeirrar stjórnar, sem sett eru þau lög og reglugerðir, sem nú þarf að afla lánsfjár handa landbúnaðinum til að fullnægja. Það var á þessum árum, í tíð nýsköpunarstjórnarinnar 1946, sem sett voru lögin um lándnám, nýbyggðir og endurbýggingar í sveitum. Framsóknarmenn segja nú, að það þurfi meira fé handa landbúnaðinum. En vegna hvers? Vegna þess að lögin frá tíð nýsköpunarstjórnarinnar gefa

bendum rétt til þess að krefjast þessa fjármagns til uppbyggingar í sveitunum. Þetta atriði eiga Sjálfstæðismenn að festa sér vel í minni.

2) Ég vil þá minna á aðra löggjöf síðasta þings, sem verulegu máli skiptir fyrir landbúnaðinn, en það eru lögir um það að breyta vissum ríkislánum til landbúnaðarins eða deilda Búnaðarbanksins í óafturkræf framlög.

Vitna í þingskjal.

#### V. Byggingarmálín.

1) Ríkisstjórnin lagði í öndverðu þingi fram frv. til 1. handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáibúðabygginga. Var það samþykkt, og gera lögir ráð fyrir, að stjórninni sé heimilt að taka allt að 16 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og skal endurlána þetta fé lánadeild smáibúðahúsa með sömu kjörum og það er tekið.

a. Lögin eru framhald af ákvörðunum síðasta þings, að stofna sérstaka lánadeild smáibúða og verja á því þingi til hennar 4 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951.

b. Frumkvæði Sjálfstæðismanna.

c. Leggja ber áherzlu á hraða frumkvæmd.

2) Lög um að breyta ríkislánum til íbúðabygginga í óafturkræf framlög.

Um leið og samþykkt voru lögir um að breyta lánum til byggingarsjóðs og rektunarsjóðs í Búnaðarbankanum í óafturkræf framlög, voru einnig samþykkt í sömu lögum ákvæði um að breyta í óafturkræf framlög lánum, sem ríkissjóður hafði áður veitt til byggingarsjóðs verkamanna, til lándeildar smáibúða, og til þejarfélaga til útrýmingar heilsuspíllandi íbúðum.

Nánari greinargerð, - sbr. þingskjal.

3) Frv. til 1. um öflun lánsfjár til íbúðabygginga og eflingar veðeildar Landsbankans.

- a) Gera grein fyrir efni málssins, sbr. þingskjal.
- b) Málinu vísað til ríkisstjórnarinnar.

VI. Skattamálín.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að á næst síðasta Alþingi var samp. þingsályktunartill. Sjálfstæðismanna, flm. Jóhann Hafstein og Jónas Rafnar, um heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar. Að loknu þingi þá skipaði ríkisstjórnin milliþinganeftnd, til þess að vinna að þessari endurskoðun. Þingsályktunartill. gerði ráð fyrir, að stjórnin leggði tillögur fyrir næsta ping, en nefndin var ekki komin það langt í störfum sínum,

að heildartillögur yrðu fluttar af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hinsvegar voru flutt ýmis mál varðandi skattamálin á pinginu og skal ég aðeins víkja að þeim, sem við Sjálfstæðismenn vorum sérstaklega við riðnir.

1. Frv. til 1. um lækkun skatta á fjölskyldufólki, skattfrelsi á lágtækjum, skattfriðindi o.fl.

Greinargerð, sbr. frv.

2. Frv. til 1. um skattfrelsi sparifjár.

Greinargerð, sbr. frv.

3. Skattfrelsi Eimskipafélagsins.

Greinargerð, sbr. frv.

## VII. Bankamál.

1. Lög um Frankvændabanka Íslands.

(Ath. Atvinnubótasjóð).

2. Lög um heimild til 15 millj. kr. lán-töku handa IÖnaðarbanka Íslands h.f.

(Sjá þingskjali).

VIII. Raforka og jarðhiti.

1. Minna á Sogið og Laxá.

Ath. kostnað og afköst.

2. Frv. um raforkulánadeild Búnaðarbankans,  
flutt af Sjálfstaðismönnum, ath. frv. E. afgr.

3. Frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina  
til lántöku vegna nýrra raforkuframkvænda,  
flutt af Sjálfstaðismönnum, - ath. frv. E. afgr.

4. Frv. Framsóknarmanna um breytingar  
á raforkulögnum, - sbr. frumvarpið. E. afgr.

5. Þingsályktunartillaga um undirbúning  
löggjafar um eftirlit með jarðborunum, - fl. af Sj.  
Sp.

6. Þingsál.till. um rannsókn á jarðhita  
og undirbúning almennrar löggjafar um hagnýtingu  
hans, - fl. af Sjálfstaðismönnum. Sp.

7. Þingsályktunartill. um rannsókn á  
hveragufu og hveravatni til lækninga, fl. af  
pingmönnum Árnesinga. E. afgr.

IX. Önnur einstök mál.

1. Hafrannsóknarskip og fiskileit og fiski-  
veiðar á fjarlægum miðum.

2. Nærðurlandaráð.
3. Ný áfengislöggjöf.
4. Verðjöfnun á olíu og benzíni  
(verðjöfnun á raforku).
5. Frv. til 1. um húsaleigu.
6. Leigubifreiðar í kaupstöðum.
7. Greiðslugeta atvinnuveganna. Sp.
8. Eftirlit með rekstri ríkisins og  
ríkisstofnana. E.a.
9. Jafnvægi í byggð landsins. Sp.
10. Grænland.

#### X. Stjórnarandstaðan.

Ég þarf aðeins að hafa fá orð um stjórnarandstöðuna á síðasta þingi.

Afstaða kommúnista og Alþýðufl. manna mótaðist að verulegu leyti af kapphlaupi milli þessara tveggja flokka, og sýndartillögum, sem þeim var ljóst, að engan veginn myndu ná fram að ganga.

Ekkert af samþykktum þingsins, sem verulegu málí skiptir, er hægt að rekja til stjórnar-

andstöðunnar, og í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna sýndu þessir flokkar, eins og áður, fullkomið ábyrgðarleysi.

Kommúnistar fluttu eins og fyrri daginn ýmsar tillögur í sambandi við utanríkismálín og varnir landsins, sem engir sannir íslendingar taka nokkurt mark á.

Alþýðufl.menn fluttu hin og þessi frumvörp um þjóðnytingu og ríkisafskipti, eins og t.d. frv. um það að taka að nýju upp verðlagseftirlit í landinu og hámarksálagningu í verzluninni, pingsályktunartillögu um atvinnuleysistryggingar, frv. til 1. um atvinnustofnun ríkisins og frv. til laga um stofnun togaraútgerðar ríkisins o.s.frv.

Öll mállefnaafstaða þessara flokka er í andstöðu við stjórnarstefnu núverandi stjórnarflokka, og þarf ekki fleirum orðum að því eyða.

## XI. Verkfallið og áhrif bess.

Það er ekki hægt að komast hjá því hér, að minna á hið svokallaða allsherjarverkfall, sem stofnað var til af Alþýðufl.mönnum og kommúnistum í byrjun desembermánaðar, og stóð fram til 19. des.

Að sjálfsögðu hafði petta verkfall viðteki áhrif á atvinnu og efnahagslíf landsmanna, og skal ég ekki á þessum vettvangi raða þá hlið málssins.

Hinsvegar hafði ríkisstjórnin forgöngu um það, að sattir tókust í þessari miklu vinnudeilu, og kom þar af leiðandi til kasta Alþingis að samþykkja mál, sem snerti þann samkomulagsgrundvöll, sem satzt var á milli atvinnurekenda og verkamanna fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar.

Vegna þess að ófyrirsjáanlegt var, hvaða áhrif verkfallið kynni að hafa á efnahagsafkomu ríkissjóðs, var afgreiðslu fjárlaga frestað fyrir jólin, en hafði áður verið búist við því, að henni yrði lokið fyrir áramót, eins og árið 1951. Með hliðsjón af lausn vinnudeilunnar purfti svo að endurskoða ýmsa útgjaldaliði fjárlaganna, eins og ég vék að í upphafi máls míns.

Útgjaldaauknningin alls á fjárlögum er talin nægri 20 millj. kr. Ríkisstjórnin hafði tekið að sér að sjá um niðurgreiðslu á verði á nokkrum tegundum nauðsynjavara, þannig að visitalan lækkaði um 5 stig. Lækkun, svo að verölagið færði visitöluna niður, kostar ríkissjóð 12-13 millj. kr. á ári. Jafnframt voru gefin fyrirheit um auknar fjölskyldubastur frá Almanna-tryggingunum, og er ráðgert, að þar kosti ríkissjóðinn um 5 millj. kr. Alþingi afgreiddi lög, sem staðfesti fyrirheit ríkisstjórnarinnar um lækkun visitölu og fjölskyldubastur, og enn fremur önnur lög, sem leiddu af samkomulaginu í vinnudeilunni, um lækkun tella á nokkrum nauðsynjavörum,

og breytingar á lögum um verðlagsuppbætur á kaup opinberra starfsmanna, í samræmi við þær breytingar, sem samið var um, á greiðslu verðlagsuppbóta á kaup verkamanna.

Verkfallið í desembermánuði s.l. var að því leyti sérstætt, að því var fyrst og fremst beint gegn ríkisvaldinu. Var þar farið inn á nýjar leiðir og skapað hættulegt fordæmi fyrir framtíðina. Umboðsmenn launþega viðurkenndu, að atvinnurekendurnir gátu ekki bætt á sig þyngri byrðum, og var þá spjótum stefnt gegn ríkisstjórn og Alþingi. Formaður fjárveitinganefndar, Gísli Jónsson, gerði rækilega grein fyrir pessari hlið málssins við þ. umr. fjárlaga á Alþingi, og gefst mér ekki tími til að víkja frekar að því að pessu sinni.

Ég vænti pess, að menn sjái, hversu örlagarríkt og hættulegt það getur verið vinnufriði Alþingis, þegar átök stéttanna í þjóðfélaginu beinast að lagasetningunni sjálfri.

### XII. Stjórnarskrármálið.

### XIII. Landhelgismálið.